

# G J A L D S K R Á

## FSRE fyrir árið 2022

### 1. grein

Ráðgjöf sem FSRE veitir í verkefnum sem er áætluð umfram 2 m.kr. skal byggja á skriflegum samningum. Slíkur samningur skal byggja á skilgreindri þjónustu á föstu verði eða áætlun með nánari mati á umfangi verkefnis.

### 2. grein

Gjald fyrir útselda vinnu starfsmanna FSRE fyrir árið 2022 er sem hér segir:

Tímagjald skrifstofufólks	11.000 kr./klst. án virðisaukaskatts
Tímagjald sérfræðinga	19.300 kr./klst. án virðisaukaskatts
Tímagjald stjórnenda	21.900 kr./klst. án virðisaukaskatts

Virðisaukaskattur leggst ekki á tímagjaldið þar sem FSRE er A-hluta stofnun.

### 3. grein

Veltutengd grunnþóknun skal vera 0,4% af veltu hvernar framkvæmdar sem FSRE hefur umsjón með.

### 4. grein

Gjöld vegna skilamata, skilagreina og skilablaða eru sem hér segir:

Skilamat	481.000 kr. án virðisaukaskatts
Skilagrein	267.000 kr. án virðisaukaskatts
Skilablað	107.000 kr. án virðisaukaskatts

### 5. grein

Gjald fyrir aðra þjónustu sem FSRE veitir er sem hér segir:

Ljósritun (svart/hvítt):	50 kr. hvert A4 blað og 90 kr. hvert A3 blað.
Litprentun:	250 kr. hvert A4 blað og 500 kr. hvert A3 blað.

Ef um mikið magn ljósritunar er að ræða er gjaldið sambærilegt við það sem ljósritunarstofur bjóða hverju sinni.

Akstur og dagpeningar greiðast samkvæmt ákvörðunum Ferðakostnaðarnefndar um aksturskostnað ríkisstarfsmanna.

### 6. grein

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 22. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda.

Reykjavík, 8. febrúar 2022  
f.h. Framkvæmdasýslu – Ríkiseigna

*Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri*

Ofangreind gjaldskrá staðfestist hér með af fjármála- og efnahagsráðuneyti  
f.h.r.

*Sigurður H. Helgason, skrifstofustjóri*